

# LÖGMANNABLAÐIÐ

2. árg.

Júní

3 / 1996

Lögmenn og aðrir lögfræðingar

Af Merði lögmanni

Miskabætur

Frumvarp til laga um fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu

Minnisvarði við Goðafoss

Starfsábyrgðartryggingar lögmanna

Norskir lögmenn í frjálsri samkeppni

Ýmislegt um þóknun og kostnað

Af vettvangi stjórnar og nefnda

Ályktun formanna evrópskra lögmannafélaga

Útgefandi:

Lögmannafélag Íslands

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:

Marteinn Másson

Ritnefnd:

Árni Vilhjálmsson, hrl.  
Ástráður Haraldsson, hrl.  
Bjarni L. Bergsson, hdl.  
Jón G. Briem, hrl.  
Sif Konráðsdóttir, hdl.

*Lögmenn og  
aðrir  
lögfræðingar*

—  
*Bls. 3*

*Miskabætur*

—  
*Bls. 9*

*Frv. til laga  
um fasteigna-  
sölu o.fl.*

—  
*Bls. 12*

# Fjölgun í ritnefnd Lögmannablaðsins

Á þeim stutta tíma, sem liðinn er frá því Lögmannablaðið hóf göngu sína, hefur komið í ljós að nokkuð álag hvílir á ritnefndarmönnum í útgáfustarfinu, e.t.v. meira en talið var í upphafi. Því taldi ritnefndin rétt að fara þess á leit við stjórn L.M.F.Í. að fjölgað yrði í nefndinni úr 3 í 5 nefndarmenn. Þannig mætti dreifa þessu álagi á fleiri herðar. Stjórnin brást vel við erindinu og skipaði þá Árna Vilhjálmsson, hrl. og Björn L. Bergsson, hdl., í ritnefnd Lögmannablaðsins. eru þeir hér með boðnir velkomnir til starfa við útgáfu blaðsins.

*Sif Konráðsdóttir, formaður ritnefndar  
Marteinn Másson, ritstjóri*

## LÖGMENN

Löggiltar þýðingar á dómskjölum og öðrum gögnum. Dómtúlkun.

*Skjót og vönduð vinnubrögð.*


### ÞÝÐINGAR OG TEXTARÁÐGJÖF

Tjarnargötu 4, 101 Reykjavík  
Sími: 562-6588 • Bréfsími: 562-6551

●  
**Ellen Ingvadóttir**  
löggiltur dómtúlkur og skjalapýðandi

## Lögmenn og aðrir lögfræðingar

Á sjöunda áratugnum barðist Lögmannafélag Íslands fyrir því að dómsmálaráðherra setti reglur um það, hvaða opinber störf væru samrýmanleg málflytjendastarfi, í samræmi við 23. gr. málflytjendalaganna, nr. 61/1942. Í Félagsbréfi L.M.F.Í. frá þessum árum kemur fram að þessi barátta var bæði löng og hörð. Lögfræðingar í opinberri þjónustu, sem sumir hverjir stunduðu málflyttingsstörf af kappi, brugðust hart við þessum tilburðum félagsins. Lögfræðingar í opinberri þjónustu töldu þetta vera kjaramál hjá sér, þeir væru svo illa launaðir að þeir yrðu að geta stundað aukastörf. Í Félagsbréfi L.M.F.Í. voru þessir lögfræðingar kallaðir gervilögmenn og kamelljón. Gervilögmenn vegna þess að þeir uppfylltu ekki skilyrði



*Þórunn Guðmundsdóttir, hrl.*

-----  
*... voru þessir lögfræðingar kallaðir gervilögmenn ...*  
-----

málflytjendalaganna um að hafa opna skrifstofu, heldur var skrifstofa gervilögmennsins skrifstofa hins opinbera, þar sem viðkomandi átti að rækja vinnuskyldu sína gagnvart hinu opinbera. Með orðinu kamelljón var sérstaklega vísað til þeirra dómara og dómarafulltrúa, sem stunduðu málflyttingsstörf, vegna þess að dæmi voru um að þeir væru lögfræðingar A í deilumáli hans við B og gerðust síðan dómara í málinu, og aðili B jafnvel hið opinbera, vinnuveitandi dómarsins. Í Félagsbréfi L.M.F.Í. var fallist á að launakjör lögfræðinga hjá hinu opinbera væru til skammar en alls ekki væri hægt að fallast á að þessi „aukasporslutíningur“ væri rétta leiðin til bættra lífshjara. Barátta Lögmannafélagsins bar loks árangur þegar Auður Auðuns, þáverandi dómsmálaráðherra, setti reglur nr. 32/1971, um málflytjendastörf manna í opinberu starfi. Þegar þessi gömlu Félagsbréf eru

lesin í dag undrar manni að það skuli hafa verið til lögfræðingar í opinberri þjónustu, sem börðust gegn setningu reglnanna, að til voru menn, sem gátu réttlætt það fyrir sjálfum sér siðferðilega, að það væri í lagi að stunda málflyttingsstörf samhliða opinbera starfinu.

Laugardaginn 20. apríl 1996 efndu Lögmannafélag Íslands, Lögfræðingafélag Íslands og Dómarafélag Íslands til ráðstefnu í Viðey sem bar heitið: „**Staða lögfræðinga í þjóðfélaginu í dag - hvert stefnir?**“. Var málþing þetta hið fróðlegasta. Almennt voru þeir lögfræðingar, sem töluðu á málþinginu, sammála um að hart væri sótt að lögfræðingastéttinni úr öllum áttum. Ýmsar stéttir væru farnar að sækja inn á svið lögfræðinga og voru þar nefndir viðskiptafræðingar, endurskoðendur, verkfræðingar og stjórn málafræðingar. Þannig hafa ráðuneytin, sem áður voru að mestu mönnuð lögfræðingum, ráðið ýmsa aðra háskólamenntaða menn í embætti. Menn voru sammála um það, að það þyrfti að snúa vörn í sókn og besta svarið væri betri menntun lögfræðinga, kennsla í bókhalda og skattarétti, svo örfá dæmi væru nefnd.

-----  
*... það þyrfti að snúa vörn í sókn og besta svarið væri betri menntun lögfræðinga, ...*  
-----

Lögin um málflytjendur frá 1942 veita lögmönnum, þ.e.a.s. mönnum með málflyttingsréttindi, einkarétt á að flytja mál fyrir dómstólunum. Öllum réttindum fylgja skyldur og í lögunum um málflytjendur eru margvíslegar skyldur

### Lögmannafélag Íslands

Álftamýri 9, 108 Reykjavík  
sími (telephone): 568-5620  
bréfsími (telefax): 568-7057  
tölvupóstur (E-mail): lmf@tv.is

#### Stjórn L.M.F.Í.

Þórunn Guðmundsdóttir, hrl.,  
formaður

Sigurmar K. Albertsson, hrl.,  
varaformaður

Jakob R. Möller, hrl.,  
ritari

Kristín Briem, hdl.,  
gjaldkeri

Hreinn Loftsson, hrl.,  
meðstjórnandi

#### Starfsfólk L.M.F.Í.

Marteinn Másson,  
framkvæmdastjóri

Hildur Pálmadóttir, ritari

Blaðið er sent öllum félagsmönnum.

Ársáskrift fyrir utanfélagsmenn:

kr. 1.500 + vsk.

Verð pr. tölublað kr. 300 + vsk.

Prentun: Borgarprent h.f.

Umsjón auglýsinga:

Öflun ehf., sími 561-4440

lagðar á lögmennt. Nægir þar að nefna skyldu til að hafa opna skrifstofu, en allir lögmennt vita hve rekstrarkostnaður lögmannsstofa er gríðarlega hár. Hann er að vísu misjafn eftir því hver á í hlut og hversu miklar kröfur menn gera, en hjá meðallögmanni fara sennilega 50-60% af tekjum hans í rekstrarkostnað. Húsnæðið kostar sitt, rafmagn, hiti, sími, aðstoðarfólk, tækjabúnaður ýmis konar, s.s. ljósritunarvélar, símkerfi, telefaxtæki og tölvubúnaður. Þá eru lögmennt skyldugir til að kaupa sér starfsábyrgðartryggingu og vera með vörslufjárreikninga. Lögmennt eru seldir undir aga- og eftirlitsvald stjórnar Lögmannafélagsins. Lögmennt eru að sjálfsgöðu bókhaldsskyldir, þeim ber að innheimta virðisaukaskatt af þjónustu sinni o.s.frv. Reglurnar fara ekki í manngreinarálit. Lögmennt, sem stunda ekki málflytningu og varðveita aldrei fé fyrir skjólstæðinga sína, heldur eru t.d. einvörðungu í lög-

fræðilegri ráðgjöf, samningagerð o.þ.h., verða engu að síður að kaupa sér starfsábyrgðartryggingar og vera með vörslufjárreikninga. Það eru ekki nema örfáir lögmennt, sem hafa aðalviðurværi sitt af málflytningu, þ.e.a.s. fullnýta þau réttindi, ef svo má að orði komast, sem þeim eru veitt á grundvelli málflytjendalaganna.

Lögmennt búa við skerta samkeppnisstöðu gagnvart t.d. viðskiptafræðingum, endurskoðendum og verkfræðingum, sem veita ýmis konar lögfræðilega ráðgjöf og ganga frá lögfræðilegum samningum, án þess þó t.d. að þurfa að kaupa sér starfsábyrgðartryggingar eða vera með vörslufjárreikninga. Þá eru endurskoðendur farnir að taka að sér uppgjör á tjónabótum. Aðrar stéttir eru því í síauknum mæli farnar að seilast inn á starfs svið lögmannna, að ekki sé minnst á lögfræðinga í þjónustu hins opinbera. Þannig eru kennarar við laga deild Háskóla Íslands, ýmist í eigin

nafni eða í nafni Lagastofnunar Háskóla Íslands orðnir æ fyrirferðarmeiri á sviði lögfræðilegrar ráðgjafar og lögfræðilegra álitagerða. Þessir lögfræðingar eru ekki skyldugir til að kaupa starfsábyrgðartryggingar eða hafa vörslufjárreikninga og bera ekki sjálfir þann skrifstofukostnað, sem lögmennt þurfa að bera, vegna þess að Háskóli Íslands sér þeim fyrir allri aðstöðu. Að sjálfsgöðu vill markaðurinn hafa aðgang að þessum lögfræðingum. Lögfræðileg álitagerð, sem skartar nafni Háskóla Íslands, er trúverðugri í augum margra en lögfræðileg álitagerð frá réttum og sléttum lögmanni úti í bæ.

Hér þarf hins vegar að huga að samkeppnislögum. Markmið samkeppnislaga, nr. 8/1993, er að efla virka samkeppni í viðskiptum og þar með vinna að hagkvæmri nýtingu framleiðsluþátta þjóðfélagsins, svo vitnað sé í 1. gr. þeirra. Markmiði þessu skal náð með því að vinna gegn óhæfilegum hindr-

unum og takmörkunum á frelsi í atvinnurekstri, vinna gegn óréttmætum viðskiptaháttum, skaðlegri fákeppni og samkeppnishömlum, og auðvelda aðgang nýrra keppnauta á markaðinum. Í 2. mgr. 14. gr. segir að þegar um sé að ræða opinbert fyrirtæki eða fyrirtæki, sem starfar að einhverju leyti í skjóli opinbers einkaleyfis eða verndar, er Samkeppnisráði heimilt að mæla fyrir um fjárhagslegan aðskilnað, annars vegar á milli þess hluta rekstrar fyrirtækisins, sem nýtur einkaleyfis eða verndar og hins vegar þess hluta rekstrar, sem er í frjálstri samkeppni við aðra aðila. Skal þess gætt að samkeppnisrekstur sé ekki niðurgreiddur af einkaleyfis- eða verndaðri starfsemi. Að sjálfsgöðu þarf að sjá kennurum við lagadeild Háskóla Íslands fyrir sómasamlegri vinnu- aðstöðu í Háskólanum til þess að þeir geti rækt starf sitt, sem felst í því að kenna laganemum og vinna að þeim rannsóknarstörfum, sem þeim ber að vinna að í samræmi við embættisskyldur sínar. Prófforsstaða við lagadeild Háskóla Íslands er jú fullt starf. Sömu aðilar eiga hins vegar ekki að geta nýtt þessa aðstöðu í samkeppni við sjálfstætt starfandi lögmennt, nema þeir greiði þá fullt verð fyrir aðstöðuna. Það er staðreynd, að kennslustörf við Háskóla Íslands eru ekki hátt metin hjá ríkinu. En rétt eins og fyrir aldarfjórðungi þá er „aukasporlútingur“ ekki rétta leiðin til bættra lífskjara.

Nú getur vel verið að kennarar lagadeildar séu með fullan fjárhagslegan aðskilnað milli prófforsstarfsins og starfs síns sem sjálfstætt starfandi lögfræðilegir ráðgjafar. Og það getur einnig verið að Lagastofnun Háskóla Íslands sé með fullan fjárhagslegan aðskilnað frá Háskóla Íslands. Þá má vel vera að 2. mgr. 14. gr. samkeppnislaga eigi hér alls ekki við. Alltént hefur stjórn Lögmannafélags Íslands ákveðið að kynna sér þetta mál til hlítar og leggja málið fyrir Samkeppnisstofnun, ef tilefni gefst til.

## Af Merði lögmanni

Þegar hvað mest var að gera í drukkinu hjá Merði ákvað hann að tími væri til kominn að ráða sér fulltrúa. Hann ráðfærði sig við Höskuld kunningja sinn, gamalreyndan lögmann. Þeir Höskuldur voru saman í skáklúbbi, sem hittist tvisvar í mánuði yfir vetrartímann. Höskuldur hafði verið með marga fulltrúa og ráðlagði Merði að fá sér kvenkyns fulltrúa. Þessir ungu strákar hugsuðu um það eitt að vinna sem fulltrúar í 2-3 ár, stofna síðan eigin lögmannsstofu og iðulega hirtu þeir „bisniss“ af gamla húsbóndanum. Konur væru ekki svona, auk þess væru þær miklu samvisskusamari, vandvirkari og væru ekki með jafn fátánlega háar launakröfur og strákarnir. Það væri einnig hægt að láta þær grípa í vélritun, kaffihitun o.fl. Þær settu sig ekki á háan hest gagnvart slíkum störfum eins og strákarnir. Mördur hefði reyndar frekar getað hugsað sér að fá ungan og sprækan strák á skrifstofuna, einhver sem hann gæti rætt leiki helgarinnar við á mánudagsmorgnum o.þ.h. Hann sá hins vegar að Höskuldur hafði mikið til síns máls og eftir að hafa rætt við nokkra af prófforsorum lagadeildar um „uppskeruna í ár“, réð hann Þorgerði beint frá prófborðinu. Þorgerður hafði reyndar verið á „kúrsus“ hingað og þangað og hafði unnið á lögmannsstofu sem ritari í tvö ár eftir stúdentspróf. Þá var hún með afbragðsgóðar einkunnir úr deildinni. Þorgerður var forkur til allra verka. Hún vann og vann, var mjög áhugasöm og leysti öll vandamál sem upp komu. Mördur fann líka til sín þegar hann sagði við þá, sem leituðu til skrifstofunnar: „Löglærður fulltrúi minn mun sjá um þetta mál.“ Þorgerður fór síðan að falast eftir prófmálum, en vegna þess að Mördur var ekki með mikið af málum, þurfti Þorgerður að sækja þau út fyrir skrifstofuna. Mördur var ekkert að hvetja hana áfram í því, hann hafði áhyggjur af því að þetta prófmálástúss kæmi niður á vinnu hennar fyr-

ir hann. Mördur hefði getað sparað sér áhyggjurnar. Þorgerður vann í prófmálunum á kvöldin og um helgar og notaði einnig sumarfrí sitt til þess arna.

Þorgerður nefndi við Mörd hvort ekki þyrfti að tilkynna hana sem fulltrúa hans til dómstólanna skv. 1. mgr. 3. gr. málflytjendalaga og til Lögmannafélagsins skv. 2. mgr. 35. gr. síðareglna LMFÍ. Mördur blés á það og sagði að enginn gerði það. Í raun og veru hafði hann ekki kynnt sér þessar reglur og hafði ekki hugmynd um að þessi tilkynningar skylda væri lögbundin. Mördur sendi Þorgerði eitt sinn til að mæta fyrir sig í fyrirtækt í dómsmáli í Héraðsdómi og tók geðvonskulegur dómari á móti Þorgerði, sem sagðist ekkert kannast við það að hún hefði verið tilkynnt sem fulltrúi Marðar til dómstólsins. Ef ekki hefði komið til drengskapur lögmanns gagnaðila, hefði málið getað ónýst fyrir Merði. Dómari þessi hafði reyndar alltaf haft horn í síðu Marðar eftir að Mördur hafði stungið undan honum á Garðsballi í den.

Mördur dreif þá í því að senda tilkynningar til allra dómstóla landsins (aldrei að vita hvar Þorgerður þyrfti að mæta), auk þess sem hann tilkynnti Lögmannafélaginu um fulltrúann.

Þegar Þorgerður var búin að vera hjá Merði í nokkur ár, fór hann að verða illþrymlega var við að „kunnarnir“ leituðu í auknum mæli til Þorgerðar frekar en hans. Áður en Mördur gat snúið sér við var Þorgerður búin að segja upp og stofna lögmannsstofu með vinkonu sinni úr deildinni. Helmingur af kúnnum Marðar fylgdi Þorgerði.

Merði fannst sem hann hefði alið nöðru við brjóst sér. Þetta voru þá þakkinar fyrir allt. Það hefði verið viturlægra að ráða einhvern strák, hann hefði þá getað átt nokkrar ánægjustundir með honum í gáfulegum samræðum um úrslitaleikinn í boltanum.

ACO · ACO · ACO · ACO · ACO · ACO · ACO · ACO · ACO · ACO

**RICOH**  
Umhverfisvæn  
ljósritun  
í gæðaflokki

*Góðar fréttir frá*

**a**

**aco**

SKIPHOLTI 17 · 105 REYKJAVÍK  
SÍMI: 562 7333 · FAX: 562 8622



## Erlendar ráðstefnur og námskeið á næstu mánuðum

3. - 4. júní 1996: **3rd International Insolvency and Creditors' Rights Seminar**, í London, á vegum International Bar Association (Section on Business Law).

22.-24. júní 1996: **Children and the Law**, í Egham, Surrey, á Englandi, á vegum International Bar Association (Access to Justice Committee, Section on General Practice) og Legal Aid Practitioners Group of England and Wales.

28.-29. júní 1996: **The Liability of Member States for legislative Omissions** - the Case Law of the EC-Court of Justice following the Francovich Judgement, í Trier í Þýskalandi, á vegum Europäische Rechtsakademie Trier.

30. júní-3. júlí 1996: **Economic Development and Environmental Protection: Challenges and Opportunities**, í Honolulu á Hawaii, á vegum International Bar Association (Environmental Law Committee, Section on Business Law).

3.-6. júlí: **Russian Law in Transition - the International Perspective**, á vegum International Bar Association (Section on Business Law og Eastern European Forum).

8. júlí - 26. júlí 1996: **English for Law and Business**, námskeið við The University of Michigan í Ann Arbor, Michigan, á vegum American Institute for Legal Education.

29. júlí - 2. ágúst 1996: **American Law and Language Seminar**, á vegum American Language in Context.

30. júlí - 16. ágúst 1996: **Orientation in American Law**, námskeið við The University of Michigan í Ann Arbor, Michigan, á vegum American Institute for Legal Education.

28. október - 1. nóvember 1996: **American Law and Language Seminar**, á vegum American Language in Context.

Ljósrit kynningarbæklinga er hægt að fá á skrifstofu L.M.F.I.



Baldvin Jónsson, hrl., flutti síðasta mál sitt fyrir Hæstarétti Íslands nýlega. Mjög semilega er Baldvin elsti lögmaður, sem flutt hefur mál fyrir réttinum.

Guðni Á. Haraldsson, hrl.

# Miskabætur

*Miskabætur eru bætur fyrir ófjárbagslegt tjón*

Með skaðabótalögum nr. 50 frá 1993, er tóku gildi 1. júlí það ár, voru lögfest ákvæði um bætur fyrir miska. Fyrir gildistöku laganna var stuðst við 264. gr. almennra hegningarlaga er miskabóta var krafist og þær dæmdar. Á grundvelli þeirrar greinar fengu menn sér dæmdar bætur fyrir spjöll á líkama, frelsis-skerðingu, refsiverða meingerð gegn friði og æru. Loks náði 264. gr. alm. hgl. yfir meingerð, er telja mátti drýgða af illfýsi.

Samkvæmt skaðabótalögum má nú flokka miskabætur í bætur fyrir miska, er tengist líkamstjóni annars vegar og bætur fyrir miska, sem er óháður líkamstjóni hins vegar.


### Bætur fyrir miska vegna líkamstjóns

Um bætur fyrir miska er leiðir af líkamstjóni er fjallað í 3. og 4. gr. skaðabótalaga. Þeim bótum má síðan skipta upp í bætur fyrir tímabundinn miska og varanlegan miska.

#### 1. Tímabundinn miski

Ákvæði 1. mgr. 3. gr. laganna fjallar um (sem í lögnum er kallaður þjáningar). Það er svohljóðandi:

„Greiða skal þjáningabætur fyrir tímabilið frá því að tjón varð þar til ekki er að vænta frekari bata, 1.300 kr. fyrir hvern dag sem tjónþoli er rúmfastur og 700 kr. fyrir hvern dag sem tjónþoli er veikur án þess að vera rúmliggjandi. Þegar sérstaklega stendur á er heimilt að greiða þjáningabætur þótt tjónþoli sé ekki veikur. Nemi bætur meira en 200.000 kr. er heimilt að víkja frá fjárhæðum þeim sem greinir í 1. málsli.“



Guðni Á. Haraldsson, hrl.

Samkvæmt greinargerð með frumvarpi að lögnum eru bætur fyrir tímabundinn miska skilgreindar sem féggjald fyrir þjáningar í kjölfar líkamstjóns. Í ákvæðinu er fjallað um tímabundinn miska eða „þjáningar“. Þessar bætur eru staðlaðar og nema þannig ákvæðinni fjárhæð fyrir hvern dag sem tjónþoli er rúmliggjandi og lægri fjárhæð þegar hann er veikur en ekki rúmliggjandi.

Bætur samkvæmt 3. gr. eru mismunandi eftir því hvort tjónþoli er „rúmfastur“ eða „veikur án þess að vera rúmliggjandi“. Með orðunum rúmfastur eða rúmliggjandi er átt við það lækisfræðilega ástand að tjónþoli getur ekki haft fótavist. Takmörkuð fótavist fellur og hér undir. Einnig öll sjúkrahúsvist. Verði ágreiningur um þetta ástand og tímalengd þess sker lækisfræðilegt mat úr. Sjá dóm Hæstaréttar frá 11. apríl s.l. í málinu nr.

38/1995. Slíkt mat er síðan háð frjálsu sönnunarmati dómstóla.

Á sama hátt er hugtakið „veikur án þess að vera rúmliggjandi“ háð lækisfræðilegu mati.

Bæturnar skal greiða tjónþola fyrir tímabilið frá því að tjón varð og þar til ekki er að vænta frekari bata. Samkvæmt 5. gr. laganna, er fjallar um bætur fyrir varanlega örorku, á tjónþoli rétt á að fá varanlega örorku sína metna á þeim tímapunkti „eftir að ekki er að vænta þess að tjónþoli nái frekari bata“.

Í tíð eldri réttar var að jafnaði litið svo á að ekki væri ráðlegt að meta varanlega örorku fyrir en ár væri liðið frá slysi. Hér var í raun um lækisfræðilegt mat að ræða en tjónagreiðendur eins og tryggingarfélag tóku undir mat þetta og var almennt miðað við það tíma- mark. Skaðabótalögin breyta á engan hátt þessari viðmiðun.

Samkvæmt þessu greiðast bætur fyrir tímabundinn miska fyrir tímabilið frá slysi og allt að þeim tíma þegar tímabært er að meta varanlega örorku. Borið hefur á því að tryggingarfélag hafi viljað túlka ákvæði 3. gr. þannig að bætur greiddust einungis meðan tjónþoli væri óvinnufær. Vinnufærni og það ástand, þegar ekki er að vænta frekari bata, þarf ekki alltaf að fara saman.

Hægt er að hugsa sér starfsmann er sinnir símvörslu og lendir í því að handleggisbrotna. Hann er mættur til vinnu í gipsi þremur dögum eftir slys. Gipsið er tekið eftir þrjár vikur. Starfsmaðurinn er síðan með óþægindi í brotinu og þremur mánuðum eftir slys eru síðan naglar teknir úr brotinu. Á slíkur maður að fá bætur frá slysdegi

þar til hann fer til vinnu? Eða á hann að fá bæturnar þar til ekki er að vænta þess að hann nái frekari bata? Bætur myndu í slíku tilfalli fara eftir 2. málslið 1. mgr. 3. gr., þar sem segir, að þegar sérstaklega stendur á, megi greiða bætur þessar þó tjónþoli sé ekki veikur.

Að mati undirritaðs ber að varast að miða við hugtökin „veikur“ eða „óvinnufær“. Það tímamark, sem hér ber alltaf að miða við, er hvenær ekki er að vænta frekari bata hjá tjónþola. Í Danmörku á tjónþoli rétt á bótum fyrir tímabundinn miska þar til „skadelidtes helbredstilstand er blevet stationær“ (A.V. Kruse - Erstatningsansvarsloven 1993, 3. útg.).

Ákvæðið í 2. málslið 1. mgr. 3. gr. opnar og fyrir þennan skilning og er beinlínis sett til þess að ná yfir slík tilvik þegar líkamstjón veldur tímabundnum líkamlegum óþægindum án þess að tjónþoli sé beinlínis veikur.

Mat á þessum tímapunkti er læknisfræðilegt. Eins og hlutverk örorkunefndar er skilgreint í 10. gr. laganna þá fellur þetta mat utan hennar verksviðs. Í Danmörku er stuðst við læknisfræðilegt mat eða svokölluð læknisvottorð. Lögmennt, er fara með slík bótamál, verða því að beina þessari spurningu að þeim lækni eða læknum, sem hafa haft tjónþola til meðferðar, þ.e. hvenær ekki sé að vænta frekari bata hjá sjúklingi/tjónþola.

Á það ber að leggja áherslu, að bætur fyrir tímabundinn miska eru ekki háðar ákveðnu hámarki. Maður, sem er rúmliggjandi í 365 daga, á því rétt á að fá sér greiddar kr. 1.300 á dag í 365 daga. Hins vegar er heimild fyrir dómara til þess að víkja frá hinum stöðluðu bótafjárhæðum til lækunar nemi bætur meira en kr. 200.000. Slíkt er háð mati hverju sinni.

## 2. Bætur fyrir varanlegan miska

Í 4. gr. skaðabotalaganna er fjallað um bætur fyrir varanlegan miska.

Í greinargerð með frumvarpi að lögnum eru bætur fyrir varanleg-

an miska skilgreindar sem fjárgreiðsla, er inna skal af hendi vegna ófjárhagslegs tjóns, sem tjónþoli verður fyrir til frambúðar af völdum líkamsspjalla.

## ... bætur fyrir tímabundinn miska eru ekki háðar ákveðnu hámarki.

Þar sem um miskabætur er að ræða er verið að bæta ófjárhagslegt tjón. Réttur til slíkra bóta er því óháður rétti til bóta fyrir fjártjón.

Með bótum þessum er verið að bæta tjónþola skerðingu á getu og möguleikum hans til þess að njóta lífsins eins og heilbrigðir menn, t.d. þegar líkamsspjöll valda því að tjónþoli getur ekki stundað íþróttir eins og golf, knattspyrnu o.fl., notið listar eða er ófær um að eignast börn, svo dæmi séu tekin úr greinargerðinni.

Bætur fyrir varanlegan miska eru þannig greiðsla fyrir ýmsar afleiðingar líkamstjóns, sem ekki verða beinlínis taldar fjárhagslegar.

Ákvæði 1. mgr. 4. gr. er svohljóðandi:

„Þegar fjárhæð bóta fyrir varanlegan miska er ákveðin skal litið til þess hvers eðlis og hversu miklar afleiðingar tjóns eru frá læknisfræðilegu sjónarmiði, svo og til erfðleika sem það veldur í lífi tjónþola. Varanlegur miski skal metinn til stiga og skal miða við ástand tjónþola eins og það er þegar ekki er að vænta frekari bata. Þegar miski er metinn alger (100%) skulu bætur vera 4.000.000 kr. Við lægra miskastig lækkar fjárhæð þessi í réttu hlutfalli. Þegar sérstaklega stendur á er heimilt að ákveða hærri bætur, þó ekki meiri en 6.000.000 kr. Engar bætur skal greiða þegar varanlegur miski er metinn minni en 5%.“

Það tímamark, sem miðað er við, er hið sama og um getur í 3. gr. Samkvæmt greininni skal meta varanlegan miska þegar ekki er að vænta frekari bata hjá tjónþola. Hér er því um sama læknisfræði-

lega matið að ræða. Hér á landi hefur almennt ekki verið talið tímabært að meta varanlega örorku fyrr en ári eftir slys. Tilkoma skaðabotalaganna ein og sér breytir ekki þeirri viðmiðun.

Reglan í 4. gr. kemur í stað 264. gr. alm. hgl., um bætur fyrir varanleg óþægindi, lýti og óþrýði.

Eins og í 3. gr. þá eru bætur fyrir varanlegan miska staðlaðar. En þar sem um varanlegan miska er að ræða er ekki stuðst við ákveðið tímabil heldur er örorka metin sem ákveðinn hundraðshluti.

Það er hlutverk örorkunefndar að gefa út svokallaðar miskatölur, er segja til um hversu mikill varanlegur miski telst vera í hverju tilviki. Hér er um svokallaða „læknisfræðilega örorku“ að ræða, sem tengist ekki tekjum eða starfi viðkomandi.

Grunnfjárhæð skaðabotalaga fyrir algeran miska er kr. 4.000.000 og síðan hlutfallslega lægri fjárhæð eftir miskastigi.

Bætur greiðast ekki fyrir varanlegan miska, sem er lægri en 5 hundraðshlutar.

Rétt er að vekja athygli á undantekningarákvæði greinarinnar um kr. 6.000.000 hámark. Er það væntanlega eins og í 3. gr. lagt í vald dómara að meta það hverju sinni, eftir eðli tjónsins og aðstæðum, hvort réttlætjanlegt sé að miða við aðra og hærri fjárhæð en grunnfjárhæðina.

Önnur málsgrein hefur að geyma frádráttarreglu er tengist aldri. Þannig lækka bætur um 5% fyrir hvert aldursár umfram 59 ár til 70 ára aldurs.

## Miskabætur samkvæmt 26. gr. skaðabotalaga

Að lokum hefur 26. gr. skaðabotalaga að geyma reglu um bætur fyrir ófjárhagslegt tjón eða miska, þegar brotið hefur verið á ólögmetan hátt gegn frelsi, friði, æru eða persónu manns. Ákvæðið er svohljóðandi:

„Sá sem ábyrgð ber á ólögmetri meingerð gegn frelsi, friði, æru eða persónu annars manns skal greiða

þeim sem misgert er við miskabætur. Ákvæði 1. og 2. mgr. 18. gr. eiga einnig við um miskabætur skv. 1. másl. þessarar greinar.“

Dæmi um tilvik er falla undir 26. gr. eru bætur fyrir líkamsmeiðingar og andlegar afleiðingar þeirra. Einnig andlegar afleiðingar kynferðisofbeldis og brot gegn friðhelgi einkalífs.

## Er hér vissulega um að ræða þrönga lögskýringu ...

Miðað við niðurstöðu dóms Hæstaréttar frá 11. apríl 1995 þá virðist 26. greinin einungis eiga við, þegar hin ólögmetna meingerð hefur í för með sér verulegar andlegar afleiðingar fyrir tjónþola. Er hér vissulega um að ræða þrönga lögskýringu ef horft er til orðalags ákvæðisins, en þar stendur einungis að sá, er ber ábyrgð á slíkri athöfn, skuli greiða þeim, sem misgert er við, bætur.

„Ólögmet meingerð“ felur í sér að um saknæma hegðun sé að ræða, sem unnin er af ásetningi eða gáleysi. Á það ber að leggja áherslu að það er ekki lengur skilyrði að um refsivert athæfi sé að ræða, heldur nægir að það sé ólögmet. Í 264. gr. almennu hegningarlaganna var það skilyrði að um refsivert athæfi væri að ræða eða meingerð drýgða af illfýsi. Rökin fyrir breytingunni voru þau, að þörf var talin á að vernda þessi gæði í ríkara mæli en gert var með 264. gr. hegningarlaganna.

Vegna þessa skilyrðis þá er athugandi hvort t.d. tjónvaldur, sem veldur umferðarslysi af stórkostlegu gáleysi, eigi ekki að greiða, auk bóta skv. 3. og 4. gr., miskabætur skv. 26. gr.

Gagnstætt bótum skv. 3. og 4. gr., er fjalla um miska sem leiðir af líkamstjóni, þá fjallar 26. gr. um bætur fyrir miska óháð líkamstjóni.

Lögmenn, sem fara með bótakröfur út af líkamsárásun, geta

skv. þessu ákvæði gert sérstaka bótakröfu vegna miska skv. 26. gr. auk miskabótakrafna skv. 3. og 4. grein. Í áður tilvitnuðum dómi Hæstaréttar, frá 11. apríl 1995, var sett fram miskabótakrafa á grundvelli 26. gr. vegna líkamsárásar. Henni var hafnað með þeim orðum að eigi væru skilyrði til þess að beita ákvæðum hennar í málinu. Málið snérist um bætur fyrir hnefahögg í andlit. Andlegar afleiðingar árásarinnar hafa væntanlega ekki þótt sannaðar. Samkvæmt þessu er nauðsynlegt að lögmenn leggi fram læknisvottorð er sanni slíkar afleiðingar.

Dæmi um það, þegar bætur skv. 3., 4. og 26. gr. fara saman, er stórkostleg líkamsárás, sem leiðir til sjúkrahúsvistar og veldur varanlegum 5% miska og hefur í för með sér verulegar andlegar afleiðingar. Slíkur tjónþoli ætti rétt á bótum fyrir tímabundinn miska þar til ekki væri að vænta frekari bata, 200.000 krónum fyrir varanlegan miska og miskabótum skv. 26. gr. að álitum.

Bætur skv. 26. gr. eru ekki staðlaðar, líkt og í 3. og 4. gr., heldur

háðar mati hverju sinni. Í athugasemdum með frumvarpi að lögnum kemur fram, að ekki sé stefnt að því að greinin leiði til breytinga á reglum um ákvörðun fjárhæðar bóta.

## Andlegar afleiðingar árásarinnar hafa væntanlega ekki þótt sannaðar.

Að lokum er rétt að taka fram að samningar, sem takmarka lágmarksrétt tjónþola skv. 3., 4. og 26. grein og gerðir eru áður en tjón verður, teljast ógildir, sbr. 27. gr. skaðabotalaga.

Miskabótakröfur samkvæmt framangreindum ákvæðum skaðabotalaganna erfast hafi þær verið viðurkenndar, einkamál verið höfðað til innheimtu þeirra eða til viðurkenningar eða krafa um þær höfð uppi í opinberu máli, sbr. 18. gr. skaðabotalaga.

## Félag lögfræðinga um EES-rétt (FLE)

Fimmtudaginn 30. maí var haldinn stofnfundur nýs félags lögfræðinga, sem hlaut heitið Félag lögfræðinga um EES-rétt, skammstafað FLE. Jafnframt stofnun félagsins var á stofnfundinum samþykkt stofnskrá fyrir það. Samkvæmt henni er tilgangur félagsins sá að stuðla að umræðu og afla upplýsinga um samninginn um evrópska efnahagssvæðið og tengd efni. Skal félagið í því skyni standa fyrir umræðufundum og ráðstefnum um réttarstöðu EES-samningsins að íslenskum rétti. Þá skal félagið varðveita og veita félagsmönnum aðgang að réttarheimildum er varða samninginn.

Á stofnfundinum var kjörin stjórn félagsins. Í henni eiga sæti Jóhann Halldórsson, hdl., sem er fyrsti formaður FLE, Stefán Andri Kristjánsson, lögfræðingur í forsætisráðuneytinu, Gunnar Ármannsson, lögfræðingur hjá Tollstjóraembættinu, Gunnar Thoroddsen, hdl. og Skúli Magnússon, fulltrúi við Héraðsdóm Reykjaness.

## Frumvarp til laga um fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu

Lagt hefur verið fram á Alþingi frumvarp til laga um fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu. Verði frumvarp þetta að lögum, þá kemur það í stað gildandi laga um fasteigna- og skipasölu, nr. 34/1986.

Með þessu nýja lagafrumvarpi er lagt til að bætt verði úr nokkrum annmörkum, sem eru á gildandi lagaákvæðum um þetta réttarsvið. Frumvarpið er unnið á grundvelli tillagna samstarfsnefndar dómsmálaráðuneytisins og Félags fasteignasala að efnisbreytingum á núgildandi lögum, sem flestar lúta að öryggi viðskiptamanna fasteignasala.

### Sala fyrirtækja

Lögum er ætlað, auk þess að taka til fasteigna og skipa, að taka einnig til sölu á fyrirtækjum, en engin ákvæði eru í gildandi lögum um sölu fyrirtækja. Nú er hverjum og einum frjálst að annast sölu fyrirtækja án opinberrar löggildingar og án þess að nokkrar tryggingar séu fyrir hendi, sem ætlað er að bæta tjón viðskiptamanna verði tjón af völdum þeirra er annast milligöngu um sölu og skjalagerð sem henni fylgir.

Að mati Félags fasteignasala er afar nauðsynlegt að taka á þessum ágöllum, enda berst fjöldi kvartana til félagsins vegna mistaka og óánægju fólks vegna þessara viðskipta. Þannig hafa óprúttir menn komist upp með að valda fólki verulegu tjóni vegna ófaglegra og algerlega ófullnægjandi vinnubrögða við þessi viðskipti, sem því miður hafa oftast en ekki leitt til tjóns, sem síðan reynist ómögulegt að fá bætt.



Sveinn Skúlason, hdl.

Með breytingunni er ætlast til þess að sams konar eða algerlega hliðstæðum vinnubrögðum verði beitt við sölu á fyrirtækjum eins og við sölu fasteigna. Þannig þurfa hinir löggiltu miðlarar að afla sér skriflegs umbods frá seljanda til sölu fyrirtækisins, svo og þurfa þeir að afla allra nauðsynlegra gagna um hið framboðna fyrirtæki. Þessar upplýsingar eiga að koma glöggst fram á sérstöku söluyfirliti, sem eiga að vera kaupendum aðgengileg hjá miðlurunum.

Athyglisvert er að í frumvarpinu er rætt um fyrirtæki sem „stunda virðisaukaskattskylda starfsemi“. Til er fjöldi fyrirtækja, sem ekki stunda virðisaukaskattskylda starfsemi, s.s. bankar, váttryggingafélag, fyrirtæki á sviði samgangna er t.d. stunda fólksflutninga með langferða- og hópferðabifreiðum, flugfélög o.þ.h. Er von til þess að þessi annmarki verði lagfærður í meðförum þingsins og fremur rætt um fyr-

irtæki, sem hafi fjárhagslega starfsemi með höndum. Benda má einnig á að um getur verið að ræða sölu á hluta af fyrirtæki, t.d. þann hluta þess, sem ekki stundar virðisaukaskattskylda starfsemi, þegar um blandaðan rekstur er að ræða.

Þá er það nýmæli í frumvarpinu að þeim, sem hafa atvinnu af því að byggja og selja fasteignir, skuli framvegis vera skylt að láta fasteignasala annast alla skjalagerð, enda skulu þeir staðfesta hana með áritun sinni á skjölin. Til þess að tryggja þessa meðferð er lagt til að skjölum verði ekki þinglýst nema að áritun fasteignasala sé fyrir hendi.

Þessu fyrirkomulagi er ætlað að tryggja neytendur, sem oft á tíðum hafa borið skarðan hlut frá borði þegar byggingaraðilar annast sjálfir sölu og alla skjalagerð er tengjast sölunni. Er tilgangurinn sá að gera fasteignasalann, sem hefur opinbera starfsviðurkenningu og ber ábyrgð sem opinber sýslunarmaður, ábyrgan fyrir því að réttarstaða kaupandans sé ekki fyrir borð borin og til þess að tryggja að hún sé sem gleggst. Jafnframt er þá fyrir hendi ábyrgðartrygging, sem bætir tjón, er kann að orsakast af mistökum við skjalagerð eða skorti á upplýsingum til kaupanda.

### Starfsábyrgðartryggingar

Lagt er til að sett verði ákvæði um tryggingar í lögin sjálf, en núgildandi tryggingarákvæði koma fram í reglugerð nr. 520/1987, sbr. reglugerð nr. 161/1994.

Í lagafrumvarpinu er kveðið á um það, að ekki skipti máli hvort skaðabótaskyldan orsakast af ásetningi eða gáleysi, ef viðskiptamaður fasteignasala verður fyrir

fjárhagstjóni, sem fasteignasalinn ber ábyrgð á.

Krafan um að ábyrgðartryggingin nái til ásetnings og gáleysis hefur verið talsvert til umræðu. Einkum var þessi umræða áberandi vegna breytinga á lögum um málflytjendur, þegar tryggingaskylda lögmanna var til umfjöllunar. Í þessu frumvarpi er haldið fast við það sjónarmið, að ábyrgðartryggingin bæti einnig tjón, er orsakast af ásetningi, eins og er í gildandi reglugerðum.

Benda má á að þessar kröfur löggjafans eru viðskiptamönnum fasteignasala til hagsbóta og auka tryggingarvernd þeirra. Verði tjón, sem rekja má til fasteignasalans, er tryggingafélaginu skylt að bæta tjónið án tillits til sakarstígs.

Ekki er sjálfgefið að slík aukin tryggingavernd sé fasteignasölum í óþökk eða að hún þurfi að leiða til slægrei vinnubrögða. Hér hlýtur að koma til skoðunar hve kostnaðarsamar þessar tryggingar eru. Hafi krafan um að ábyrgðartryggingin nái til ásetnings ekki í för með sér verulegan útgjaldaauka umfram ábyrgðartryggingu, sem er án þeirrar kröfu, þarf hér alls ekki að vera um slæman kost að ræða, þar sem viðskiptavinir fasteignasalans geta þá treyst því að verði tjón, sem rekja má til starfa fasteignasalans, muni þeir væntanlega fá það bætt.

Hjá tryggingafélagunum hlýtur hins vegar að koma til skoðunar og mats við sölu trygginga til fasteignasala hversu traustur viðskiptavinur fasteignasalinn telst vera. Því traustari sem hann telst vera því lægra verð er á tryggingunni og síður koma til kröfur um baktryggingar. Hljóta hér að gilda sömu lögmál og þegar lánastofnun lánar fé sitt. Því traustari lántakandi því lægri vextir og minni tryggingar.

### Stöðvun ólögmætrar starfsemi

Í frumvarpinu er lagt til ótvírætt heimildarákvæði til handa ráðherra til þess að stöðva án tafar starfsemi, er brýtur í bága við lögin. Er þá átt við starfsemi, þar sem ekki

er um að ræða að löggiltur fasteignasali sé í forsvari eða að starfsemi sé haldið áfram þar sem í forsvari er aðili, sem fengið hefur útgafna löggildingu, en hann misst skilyrði til þess að hafa hana. Er lagt til að ráðherra sé heimilt að fela lögreglustjóra að stöðva og innsigla starfsstöð slíks aðila þegar í stað.

Hér er á ferðinni tillaga, sem tekur af skarið um aðgerðir til að stöðva ólöglega starfsemi, sem í flestum tilvikum er dulin neytendum, og sem hefur enga tryggingarvernd jafnvel þó hún hafi haft hana áður.

### Leyfismissir vegna gjaldþrots

Í frumvarpinu er lagt til það skilyrði að fasteignasali, sem misst hefur forræði á búi sínu vegna gjaldprotameðferðar, geti ekki öðlast leyfi að nýju fyrir en að liðnum tveim árum frá skiptalokum. Hér er um að ræða algerlega sambærilegt ákvæði og gildir nú um lögmenn.

### Félagsskapur fasteignasala

Í frumvarpinu er lagt til að fellt verði niður núgildandi ákvæði 18. gr. um að löggiltir fasteignasalar hafi heimild til þess að hafa með sér félag.

Er tillaga þessi gerð í ljósi umfjöllunar síðustu ára um félagafrelsið, þar sem slíkt ákvæði er í reynd óþarft. Félag fasteignasala er frjálst félag án skylduáðildar. Er sá munur á Félagi fasteignasala og Lögmannafélagi Íslands að Lögmannafélagið er með skylduáðild og getur þar af leiðandi ekki valið og hafnað umsækjendum um félagsaðild. Eftirlitshlutverk Lögmannafélags Íslands er þó annað og meira en eftirlitshlutverk frjálsra hagsmunafélaga fasteignasala, en þó er ljóst að eftirlitshlutverk hinna frjálsu félaga markast af samkeppnisstöðunni, þar sem keppt er að því markmiði hinna frjálsu félaga, að hafa innan sinna vébanda sem hæfasta félagsmenn.

### Frjáls verðlagning!

Í frumvarpinu er lagt til að ákvæðið í 14. gr. núgildandi laga, um að hámarkssöluþóknun miðist við 2% af söluverði, falli brott.

Þessi tillaga kemur til m.a. vegna ákvæða samkeppnislaga nr. 8/1993, en Félag fasteignasala hefur ítrekað haldið þeirri skoðun á lofti að þessi ákvæði séu ósamrýmanleg. Sú skoðun félagsins hlaut stuðning Samkeppnisstofnunar í bréfi stofnunarinnar til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 11. apríl 1994, þar sem stofnunin lét það álit í ljós „að svo framarlega sem veigamikil rök koma ekki fram fyrir því að fasteigna- og skipasölum sé heimilt að taka 2% hámarkssöluþóknun fyrir aðstoð við kaup eða sölu verði að líta svo á að það stríði gegn markmiðum samkeppnislaga“. Ennfremur var minnt á að í frumvarpinu með lögum nr. 47/1938, um fasteigna- og skipasölu, voru það veigamikil rök fyrir gildandi 2% hámarki að það væri „í samræmi við texta Málflutningsmannafélags Íslands og núgildandi venju hér á landi, sem eigi þykir ástæða til að breyta“ og þar sem „ljóst er að Lögmannafélag Íslands gefur ekki lengur út leiðbeinandi gjaldskrá um hlutfall sölu-launa af kaupverði fasteigna“, enda „hefur samkeppnisráð nýverið hafnað beiðni Lögmannafélags Íslands um gefa út gjaldskrá með leiðbeinandi reglum um ákvörðun málskostnaðar í nánar tilteknum málum“.

Í 14. gr. frumvarpsins er lagt til ákvæði um skyldu fasteignasala til þess að gera samning við seljanda eignar, þar sem kveðið er á um þóknun fyrir að annast milligöngu um kaup eða sölu eignar, svo og um greiðslu útlagðs kostnaðar.

Hér er í raun ekki á ferðinni nýjung, því slíkur samningur er gerður skv. gildandi lögum með gerð hins skriflega söluumboðs, sbr. og ákvæði 1. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 520/1987. Í söluumboðinu er áskilið að greint sé frá því „hvaða söluþóknun aðilar hafi orðið ásáttir um.“

Er hér rutt úr vegi þeirri hindrun, sem komið hefur í veg fyrir að heimilt sé að taka hærri þóknun en umgetin 2% af verðmæti eignar. Benda má á, að þegar framboð af eignum er umfram eftirspurn, eða ríkjandi er svonefndur kaupendamárkadur, þá kemur iðulega upp sú staða, að seljendur eigna eru tilbúnir að bjóða hærri sölubóknun í þeim tilgangi að vekja áhuga fasteignasalanna á því að selja einmitt

þeirra eign. Jafnframt má benda á að vegna þeirrar gríðarlegu vinnu, sem húsbrefakerfið hefur skapað, svo og vegna aukinna krafna neytenda um vönduð vinnubrögð, er ljóst að erfitt getur reynst fyrir fasteignasala að ná endum saman með öllum þeim rekstrarkostnaði, sem nútíma fasteigna-, fyrirtækja- eða skipasala krefst, fáist ekki heimild til þess að verðleggja þjónustuna í

samræmi við vinnuframlagið og tilkostnaðinn.

Að lokum skal áréttað, að með þessu nýja lagafrumvarpi er ekki ætlunin að raska hagsmunum lögmannna, þar sem lagt er til að gildandi ákvæði skuli vera óbreytt um heimild lögmannna til þess að annast kaup, sölu eða skipti á eignum í einstökum tilvikum, ef það tengist lögmannsstörfum þeirra.

# Starfsábyrgðartryggingar lögmannna

## Nokkrar athugasemdir

Eftir gildistöku reglna nr. 657/1995, um starfsábyrgðartryggingar lögmannna, hafa vaknað spurningar um túlkun á nokkrum ákvæðum reglnanna og framkvæmd þeirra. Stjórn Lögmannafélags Íslands hefur um þetta fjallað á nokkrum fundum sínum á undanförunum vikum. Það helsta, sem hér um ræðir, er eftirfarandi:

1. Í 6. gr. reglnanna er að finna ákvæði sem heimilar lögmonnum, sem starfa saman með sameiginlega starfsstofu, að leggja fram sameiginlega tryggingu og teljast þeir þannig fullnægja tryggingarskyldu sinni, enda leggi þeir fyrir stjórn L.M.F.Í. yfirlýsingu um óskipta bótaábyrgð. Lágmarksvátryggingarfjárhæð skv. 5. gr. reglnanna hækkar þá um 10% fyrir hvern lögmann umfram einn.

Að mati stjórnar L.M.F.Í. felur þetta ákvæði í sér að einungis sjálfstætt starfandi lögmann geti nýtt sér heimildina um sameiginlega tryggingu. Þannig geti t.d. ekki lögmaður og fulltrúi hans, sem hefur málflytningarréttindi, lagt fram sameiginlega tryggingu skv. þessu ákvæði. Óeðlilegt sé að fulltrúinn taki á sig ábyrgð með þessum hætti á störfum vinnuveitanda síns. Þá telur stjórnin að í þessu felist að viðkomandi lögmann hafi sameiginlegan rekstur í félagsformi. Ekki sé nóg að lögmannirnir starfi á sama stað en séu í reynd hver með sinn rekstur.

Stjórnin hefur ákveðið að svofelld eða sambærileg yfirlýsing geti verið gefin um óskipta bótaábyrgð skv. 6. gr.:

„Við, undirritaðir lögmann, sem störfum saman með sameiginlega

starfsstofu, lýsum því hér með yfir, að jafnframt því að leggja fram sameiginlega tryggingu skv. ákvæði 6. gr. reglna nr. 657/1995, um starfsábyrgðartryggingar lögmannna, berum við óskipta bótaábyrgð vegna lögmannsstarfa hvers annars.“

2. Nokkur vafi hefur ríkt um það hvort tryggja þurfi sérstaklega löglærða fulltrúa, sem fengið hafa útgefin málflytningarréttindi. Um það, til hverra tryggingarskyldan nær, er fjallað með eftirgreindum hætti í reglunum:

1. mgr. 1. gr.: „... vernd gegn fjárhagstjóni, sem þeir af gáleysi valda umbjóðendum sínum og leitt getur af störfum þeirra eða starfsmanna þeirra, ...“.

3. mgr. 1. gr.: „... Sinni lögmaður eingöngu störfum í þágu vinnuveitanda er heimilt að veita samsvarendi undanþágu.“


1. mgr. 4. gr.: „Vátryggingin eða ábyrgðin skal bæta það fjárhagslega tjón, sem viðskiptamenn lögmanns kunna að verða fyrir vegna starfa hans sem lögmanns eða starfa löglærðra og ólöglærðra starfsmanna lögmannsins í hans þágu, ...“.

Í 1. mgr. 34. gr. síðareglu L.M.F.Í. segir að lögmaður beri persónulega ábyrgð á lögmannsstörfum sínum og fulltrúa sína. Samkvæmt 2. mgr. 35. gr. er lögmanni skylt að tilkynna fulltrúa sína til skrifstofu félagsins.

Að mati stjórnar L.M.F.Í. fela framangreind ákvæði í sér að ekki þarf að kaupa sérstaklega starfsábyrgðartryggingu fyrir löglærðan fulltrúa með málflytningarréttindi, enda hafi stjórn L.M.F.Í. áður verið send skrifleg tilkynning um töku fulltrúans, sbr. 2. mgr. 35. gr. síðareglu L.M.F.Í. **MM**

## Minnisvarði við Goðafoss

Allir kannast við frásögnina af því þegar Þorgeir Ljósvefningagoði lagðist undir feld í þrjá daga og þrjár nætur áður en hann leiddi til lykta deilur Ásatrúarmanna og kristinna á Þingvöllum árið 1000. Frásögnin lýsir raunsæju mati goðans á nýjum straumum og nýjum síðum í þjóðfélaginu. Honum var falið alvald í deilunni um trúarbrögðin og við úrlausn málsins lét hann eigin hagsmuni og trústykina sinna víkja fyrir því sem hann taldi vera aðra og meiri hagsmuni þjóðfélagsins. Eftir innleiðingu hinna nýju trúarbragða gekk hann á undan öðrum með góðu fordæmi og steypiti goðum sínum ofan fossinn, sem fékk eftir það heitið Goðafoss.



Fyrir nokkrum árum lagði dr. Gunnlaugur Þórðarson, hrl., fram og fékk samþykka tillögu á aðalfundi Lögmannafélags Íslands um það að félagið léti reisa minnisvarða um Þorgeir Ljósvefningagoða við Goðafoss til að minnast þessa atburðar á Þingvöllum. Af þessu tilefni var náttúruverndarnefnd Suður-Þingeyjarsýslu ritað bréf, þar sem leitað var áhlits nefndarinnar á hugmyndinni um minnisvarðann og jafnframt var sótt um leyfi til að reisa minnisvarðann á stað nærri fossinum, en skv. auglýsingu um

náttúruminjasrá er Goðafoss og næsta nágrenni á lista yfir náttúruminjar.

Frumkvöðullinn, dr. Gunnlaugur, hefur fylgt þessu máli eftir og m.a. látið gera uppdrætti að minnisvarðanum og aflað loftljósmyndar af svæðinu kringum Goðafoss. Hugmyndin er að fá fjóra, misstóra stuðlabergsdranga úr farvegi Skjálafandafjöts, sem eiga að mynda undirstöðu minnisvarðans, en á hann verði síðan festur koparskjöldur með frásögn á íslensku og ensku um afrek Ljósvefningagoðans.

Formaður náttúruverndarnefndarinnar mun hafa bent dr. Gunnlaugi á að áður en nefndin gæti tekið afstöðu til málsins þyrfti að liggja fyrir samþykki þeirra, sem ættu svæði það, sem ætlunin væri að reisa minnisvarðann á. Umrætt svæði er á eyjunni Hrútey við Goðafoss, sem er í sameign jarðanna Ljósvatns og Hriflu. Dr. Gunnlaugur brást skjótt við og aflaði sér leyfanna frá jarðeigendunum og lét þinglýsa þeim. Er þess nú að vænta að minnisvarðinn verði reistur fljótlega.

## Hvernig ætlar þú að útskýra....

- fyrir tryggingafélaginu að eldur hafi eytt nauðsynlegum pappírnum til að sanna eignir eins og lager, búnað, tæki o.fl.
- fyrir umbjóðendum þínum að gögn þeirra og fjármunir hafi eyðilagst eða horfið í eldsvoða eða við innbrot?
- fyrir skattayfirvöldum að þú hafir engin gögn til að styðjast við.
- fyrir samstarfsmönnum þínum að sökum þess að eldur eyðilagði skjöl og tölvugögn fyrirtækisins, þurfir þú að draga saman seglin, og jafnvel að loka fyrirtækinu.

**Hefur þú hugleitt hvað gerist ef þú tapar gögnum fyrirtækisins í eldsvoða?**  
**Vissir þú að á ári hverju verða hundruð íslenskra fyrirtækja fyrir því að missa gögn í eldsvoðum, vatnstjómum og innbrotum?**



SCHWAB eldtraustir skjalaskápar / peningaskápar eru samþykktir af Brunamálastofnun ríkisins



Hringdu í GAGNA í síma 555-0528 og fáðu upplýsingar um þá valmöguleika sem þér standa til boða

**Gagni Umboðs- og heildverslun**  
Norðurtúni 14, pósthóli 204  
212 Garðabær • Sími 555-0528  
Bréfasími: 555-0527



## Norskir lögmennt í frjálsri samkeppni

*(Norske advokater i fri konkurrence)*

**H**ér birtist grein eftir norska lögmanninn Atle Helljesen, sem er fyrrverandi varaformaður norska lögmannafélagsins. Hann er nú formaður nefndar innan þess félags, sem fjallar um þóknunarmál lögmannanna og samskipti við samkeppnisyfirlönd. Greinin birtist uppbaflega í tímariti danska lögmannafélagsins *Lov & ret*, 3. tbl. 1996 og er birt í *Lögmannablaðinu með góðfúslegu leyfi Lov & ret og höfundarins*. Greinin er birt til að leyfa íslenskum lögmonnum að fylgjast lítillega með umræðu á binum Norðurlöndunum um þóknunarmál og samkeppni.

I Norge, som i alle andre lande, har der længe været tradition for begrænsninger i konkurrencen mellem advokater. Advokater har været varsomme med at opgive prisniveau eller reklamere med priser.

For en del år siden greb Konkurrencetilsynet ind i advokaters regelsæt og forlangte, at de barrierer, der forhindrede fri konkurrence mellem advokater, blev fjernet. Advokatforeningen blev også nægtet ret til at kunne pålægge sine medlemmer at aktionere og optræde samlet i forbindelse med krav om højere offentlige salær-satser. Hensynet til den fri konkurrence skulle være afgørende.

Advokatforeningen anlagde sag mod staten for at få kendt Konkurrencetilsynets vedtagelse for ugyldig. Advokatforeningen tabte i første instans og trak senere anken tilbage.

I dag ønsker Konkurrencetilsynet at gå et skridt videre. Man ønsker, at advokaterne skal kunne synliggøre deres priser, således at klienterne har en valgmulighed i

forhold til pris, før de kontakter en bestemt advokat. Antydningssvis ønsker man synlige prisopslag, eller prislister fremlagt i venteværelset.

Dersom en advokatopgave når op på en vis pris, må advokaten underrette sin klient på forhånd, og eventuelt indgå en aftale om fortsættelse af opgaven. Dette er skitsen til, hvad Konkurrencetilsynet ønsker.

-----  
**Jeg tror, at opløsningen af konkurrencebegrænsningerne har virket gunstigt.**

Jeg tror, at opløsningen af konkurrencebegrænsningerne har virket gunstigt. Vi vil i fremtiden måtte regne med en øget intern konkurrence mellem advokater, og en skarpere konkurrence i forhold til andre erhvervsgrupper. Det er primært af det gode.

Kritik af vort indtægts- og prisniveau imødegås også bedst ved at priserne synliggøres, og at man på forhånd ved en opgave aftaler prisniveauet med klienten, eller hvordan prisen skal beregnes. Hvis der ikke indgås en aftale, må advokaten i hvert fald kunne pålægges at tilkendegive sine salærprincipper.

Det er meget uheldigt, som det er nu, at vi gennem klageordninger bagefter får en prøvning af advokatsalærerne. Da bliver salærerne målt ud fra et antaget „normalniveau“. Men det indebærer et bånd på den frie konkurrence. Det kan ikke være foreningens eller samfundets sag at bestemme, om en advokat er 2.000,- eller 1.000,- kr. værd i timen.

Dersom klienten på forhånd kender prisniveauet, kan han selv vælge og tage ansvaret for sit valg. Eventuelle klagesager vil da koncentrere sig om, hvorvidt opgaven er udført på tilfredsstillende måde, og ikke størrelsen på salæret som sådant.

Hvis vi i fremtiden skal have salærer efterprøvet, vil det ende med, at vi får faste salær-satser, også for private opgaver, og ikke kun for de opgaver, der udføres for det offentlige. Det er vi ikke tjent med. Så får vi heller ikke de forskelle frem, der måtte være acceptable mellem gode og mindre gode tjenesteudbydere. Forsikringsselskaberne har truet med faste satser ved brug af retshjælpsforsikring for at have kontrol med salærniveauet.

Det er vigtigt, at vi advokater er bevidste om den situation, vi nu befinder os i. At vi griber chancen for at få en sund konkurrence, og selv sætter normer for denne konkurrence, således at vi undgår kritik fra samfundet i øvrigt, og undgår at samfundet i unødigt grad griber ind i vore salær-satser. Der er kun én måde dette kan ske på, og det er igennem en klar synliggørelse af priserne og en sund konkurrence, også hvad priserne angår.

## Ýmislegt um þóknun og kostnað

**I** félagsblöðum hinna norrænu lögmannafélaganna er að jafnaði margt fróðlegt að sjá og lesa um störf lögmannanna og rekstur lögmannsstofa. Sif Konráðsdóttir, hdl., hefur sett á blað eftirfarandi upplýsingar um rekstrarkostnað lögmannsstofa og þóknun lögmannanna, sem hún hefur aflað sér úr nokkrum norrænum lögmannablöðum nýlega.

**Noregur:**

**Könnun á kostnaði lögmannsstofa. Lögmaður þarf að hafa 800.000 norskar krónur í brúttótekjur til að vera með 300.000 NOK í nettótekjur.**

Árið 1994 gerði norska lögmannafélagið könnun á rekstrarkostnaði lögmannsstofa þar í landi, sem gerð er grein fyrir í 4. og 6. tbl. ADVOKATBLADET það ár. Í niðurstöðunum var leitast við að svara þremur spurningum:

1. Hversu marga tíma, t.d. á ári, getur lögmaður gjaldfært á skjólstæðinga sína?
2. Hver er árlegur rekstrarkostnaður á lögmannsstofu?
3. Hver eiga árslaun lögmanns að vera?

Talið er að þegar tímagjald er reiknað, megi ekki gera ráð fyrir að lögmaðurinn þurfi að vinna lengri vinnudag en aðrar stéttir og þess vegna verði að gera ráð fyrir að lögmaðurinn vinni ekki á helgidögum og hann taki sér venjulegt sumarfrí. Þegar tekið hefur verið tillit til þess að lögmaður reikningsfærir enga tíma þegar hann liggur veikur, er á námskeiði eða frá vinnu af öðrum eðlilegum ástæðum, eru virkir vinnudagar 220 á ári. Lögmaður reikningsfærir aðeins þann tíma, sem hann í raun og veru notar til að starfa fyrir tiltekinn skjólstæðing.

Í Noregi er venjulegur vinnudagur 7,5 klst. en daglega fer tími í matarhlé, skrifstofustjórn, svör við erindum, sem ekki er hægt að reikningsfæra, o.s.frv. Ef lögmaður gæti selt 6 klst. á dag, sem ekki er ástæða til að ætla að sé hægt, væru seljanlegir tímar á ári 1.320. Dómstólar í Svíþjóð hafa reiknað með því, að séu vinnustundir á ári 1.640, séu 72,5% tímanna seljanlegir, eða 1.190 klst. á ári. Ef farinn er e.k. millivegur, eins og segir í álitinu norðmannanna, má segja að hámark seljanlegra tíma á ári sé 1.250 klst., og er gengið út frá því.

Könnunin nær til 52 lögmannanna, sem voru með frá 250.000 NOK til 1.100.000 NOK á ári í kostnað og er þá meðtalin lifeyris- og fjármagnskostnaður. Miðgildið er rúmlega 475.000 NOK í kostnað á ári, eða rúmlega 4,9 millj. ísl. króna. Örlítið lægri hjá þeim, sem eru

með mikið af opinberum málum. Samkvæmt þessu fara á milli 3.550 og 3.950 íslenskar krónur á hvern seldan tíma BARA TIL AÐ GREIÐA REKSTRARKOSTNAÐ, áður en lögmaðurinn fer að fá laun.

Í könnuninni var meðalfjármagnskostnaður um 330.000 ísl. kr. á ári og samsvarandi rúmlega 700.000 ísl. kr. kostar það norskan lögmann á ári að kaupa sér lifeyristryggingu, sem stæði undir jafnháum greiðslum og hámarks lifeyrir, sem greiddur er af norska ríkinu. Hluti slíkra greiðslna er ekki frádráttarbær í rekstrinum og þurfa því tekjur að nema meiru en 1,2 millj. ísl. króna til að standa undir slíkum kostnaði.

Útreikningarnir leiða til þeirrar niðurstöðu, að tímagjald þarf að vera 7.640, reiknað yfir í íslenskar krónur, hjá lögmanni með yfir 24% opinber mál og þ.a.l. minni kostnað. Til samanburðar er nefnt að Hæstiréttur Svíþjóðar hafi í mars 1993 ákveðið að tímagjald til verjenda í opinberum málum skyldi vera 6.800, reiknað í íslenskum krónum, og í Danmörku svari gjaldið til 11.400 íslenskra króna. Bent er á óæskilegar afleiðingar þess að fyrir störf lögmannanna fyrir ríkið fái þeir ekki greitt gjald sem nægi til greiðslu kostnaðar og sanngjarnra tekna. Afleiðingar af þessu segja norðmenn að séu þær að lögmennt leiðist út í að krefja aðra skjólstæðinga um hærra gjald en svarar til „launa“ og kostnaðar, lögmennt veigri sér við að taka að sér verjenda-störf og duglegir lögmennt afli sér annars konar verkefna. Í versta falli muni lögmennt hætta algerlega að taka að sér mál, þar sem þóknun er ákvörðuð af hinu opinbera og það geti leitt til alvarlegra vandamála í þjóðfélaginu.

Tímagjald í opinberum málum í Noregi svarar til 5.435 íslenskra króna á klst. en norskir lögmennt komast að þeirri niðurstöðu að ekkert lægra en sem svarar til 7.640 íslenskra króna á tímann sé ástætlanlegt að ríkið greiði.

**Danmörk:**

**Viðmiðunarfjárhæðir við ákvörðun þóknunar til verjenda í refsímálum.**

Frá 16. janúar 1996 gilda eftirfarandi viðmiðunartextar um þóknun í refsímálum fyrir Landsréttinum í Danmörku, samkvæmt ákvörðun réttarins og að höfðu samráði við danska lögmannafélagið (reiknað yfir í íslenskar krónur, miðað við gengi dönsku krónunnar 1. apríl 1996):

	Kr.
1. Grunn gjald á tímann	11.637
2. „Grundlovs“-yfirheyrsla af venjulegri lengd	9.891
3. Frestfyrirtökur og styttri fyrirtökur á meðan mál er í gangi, einnig ómakslaun	



vegna móts	9.310
Fyrir mót á laugardögum, sunnu- og helgidögum bætast 50% við, kl. 22-06 bætast við 100%.	
4. Venjuleg heimsókn í fangelsi	9.891
5. Fallið frá áfrýjun fyrir aðalmeðferð	11.637
Fallið frá áfrýjun við upphaf aðalmeðferðar, lágmark	11.637
6. Aðalmeðferð fyrir dómi, lágmark	23.274
2 tímar	34.911
3 tímar (1/2 dagur)	52.367
4 tímar	69.822
5 tímar	87.278
6 tímar (1 dagur)	104.733

Í gjaldinu fyrir aðalmeðferð felast einnig viðtöl á skrifstofu við skjólstæðing, öflun upplýsinga og venjulegur undirbúningur málflytninga. Í málum, þar sem undirbúningstími hefur farið fram úr því sem venjulegt er, má greiða kr. 11.637 fyrir hverja klukkustund, sem notuð er til viðbótar. Þóknun, sem ákveðin er við lok dómsmáls, felur venjulega einnig í sér vinnu við áfrýjun máls, umsókn um áfrýjunarleyfi og náðun o.p.h.

Þóknunin hækkar um a.m.k. 4.655 kr. á klst., til verjanda, sem þarf að ferðast til þess staðar, þar sem dómsmeðferðin fer fram. Útlagður kostnaður verjanda vegna lengri ferðalaga bætist auk þess venjulega við.

Með í tímalengd dómsmeðferðar reiknast sá tími sem fer í bið eftir fyrirtöku málsins og bið frá því mál er tekið til úrskurðar/dóms og til uppkvaðningar hans, ef verjandinn er áfram viðstaddur í réttinum. Gjaldskráin er til viðmiðunar og í málum, þar sem meðdómsmenn eru, er sérstök ástæða til að hækka gjaldið og einnig lítils háttar þegar nýr verjandi hefur tekið við málinu.

#### Finland:

**Tekjur 10 millj., gjöld 55%, mánaðarlaun rúm 300 þúsund.**

Finnska lögmannafélagið gerði könnun á rekstrar-kostnaði lögmannsstofa árið 1993. Samkvæmt könnuninni voru heildartekjur lögmanns 707.000 finnsk mörk eða 10.150.000 íslenskar krónur að meðaltali á ári. Fastakostnaður og önnur útgjöld, þegar frá eru talin eigin laun, voru 45% af heildarútgjöldunum. Af heildartekjunum fóru um 55% í almennan kostnað. Byggt var á upplýsingum frá árinu 1992. Í Finnlandi störfuðu þá rúmlega 1.000 lögmennt og voru 66% af þeim á aldrinum 35-49 ára. 83% voru karlar og 17% konur. Að meðaltali vann finnskur lögmaður 47 tíma á viku og mánaðarlaun svöruðu til 316.000 íslenskra króna, sem er örlítið hærra en eldri dómara náðu með öllum launahækkunum vegna aldurs.

### Norræna málflytningaþráttin:

# Íslensku laganemarnir standa sig vel

Í ár keppa íslenskir laganem- ar í ellefta sinn um Sporrang- Lönnroth verðlaunin, í norrænu málflytningaþráttinni á sviði Mannréttindasáttmála Evrópu. Í sex manna liði Íslands í ár eru laganemarnir Björn Danielsson, Dóra Sif Tynes, Eyvindur G. Gunnarsson, Guðrún Björk Bjarnadóttir, Helgi Bragason og

Kristín Edwald. Keppendur skil- uðu greinargerðum fyrir sókn og vörn í mars s.l. Náði liðið þeim glæsilega árangri að hljóta hæstu einkunn fyrir greinargerð varnar og í samanlögðum punktafjölda lenti liðið í þriðja til fjórða sæti af tólf liðum.

Umsjónarmaður keppinnar hér á landi er Sif Konráðsdóttir,

hdl., en auk hennar aðstoða laganemana Björg Thorarensen, deildarstjóri í dómsmálaráð- neytnu, Hjörtur Bragi Sverris- son, hdl. og Einar Páll Tamimi, lögfræðingur, sem er við fram- haldsnám í Helsinki.

L.M.F.Í. óskar keppendum til hamingju með árangurinn.

Lögfræðigagnabankinn

# RÉTTARRÍKIÐ

Aðgengilegar réttarheimildir


<http://www.adgengi.is/adgengi>

**ÚRLAUSN  
AÐGENGI**

## Bóksala stúdenta

minnir lögmennt á bæklinga yfir íslenskar og danskar lögfræðibækur, sem við sendum út nýlega.

Stuttur afgreiðslutími á erlendum bókum.



# Af vettvangi stjórnar L.M.F.Í. og nefnda

## Stjórn L.M.F.Í.:

Sein þess fer mestur tími stjórnarinnar í að fjalla um og afgreiða kær- og ágreiningsmál hvers konar. Í prentaðri árskýrslu stjórnarinnar til síðasta aðalfundar er tafla sem sýnir fjölda ágreiningsmálanna síðustu 12 árin. Nokkrar sveiflur eru milli ára en þróunin framan af þessum áratug var í þá átt að máluum fjölgaði ört milli ára. Starfsárið 1994-1995 fækkað máluum hins vegar töluvert en fjölgun varð svo aftur 1995-1996. Á liðandi starfsári hafa borist 5 mál til stjórnarinnar.

Tekist hefur að minnka málaláttann þó nokkuð og er nú svo komið að meðalafgreiðslutíminn er á bilinu 3-6 mánuðir frá því erindi berst félaginu. Sum erindin eru jafnvel afgreidd á mun skemmri tíma. Hefur ástandið að þessu leyti batnað töluvert frá því sem áður var. Til samanburðar má geta þess að á hinum Norðurlöndunum fást kær- og ágreiningsmál afgreidd að meðaltali á 3-4 mánuðum, þó á því lengri tíma í Danmörku. Þess ber þó að geta í því sambandi að í þessum löndum er meðferð málnanna í höndum sérstakra síðanefnda en ekki stjórna lögmannafélaganna.

Stjórnin hefur sinnt fleiri málum en kær- og ágreiningsmálum. Óvenjumikið berst af umsagnarbeiðnum vegna málflytningsréttinda þessar vikurnar og mánuðina. Líklegt er að hið nýja frumvarp dómsmálaráðherra til laga um lögmennti undir það, að þeir, sem uppfylla lagaskilyrði til að fá útgefin málflytningsleyfi, sækji nú um slíkt leyfi, til þess að verða ekki settir undir e.t.v. strangari reglur um öflun réttindanna verði sett ný lög um lögmennti.

Töluverður tími hefur farið í að

fylgjast með starfsábyrgðartryggingum lögmannna og veita undanþágu til þeirra, sem uppfylla lagaskilyrði til slíks og sækja um undanþágu. Er nú svo komið að yfirgnæfandi meirihluti þeirra, sem eru tryggingarskyldir, hafa keypt sér tryggingu.

Stjórnin hefur skipað fimm manna nefnd til að koma með tillögu að drögum að frumvarpi til laga um lögmennti, sem kynnt yrði félagsmönnum fljótlega. Nefndina skipa Þórunn Guðmundsdóttir, hrl., Árne Vilhjálmsson, hrl., Ársæll Hafsteinsson, hdl., Ingvar Sveinbjörnsson, hrl. og Jakob R. Möller, hrl. Nefndin hefur þegar hafið störf og gengur vel ætlunarverk sitt.

## Gjaldskrárnefnd:

Á fyrsta fundi gjaldskrárnefndar á starfsárinu var Hilmar Ingmundarson, hrl., kjörinn formaður og Páll Arnór Pálsson, hrl., ritari. Nefndin hefur fengið eitt erindi til umfjöllunar á starfsárinu og hefur þegar afgreitt það. Um var að ræða fyrirspurn frá lögmanni um hvað teldist hæfileg málflytningsþóknun fyrir flytning máls í héraði og fyrir Hæstarétti Íslands, þar sem deilt var um bótaábyrgð opinberrar stofnunar og miklir fjárhagslegir í húfi, ef umbjóðandi lögmannsins hefði tapað því. Í álitinu tók nefndin tillit til hinna fjárhagslegu hagsmuna, sem í húfi voru, hagstæðrar niðurstöðu málsins fyrir umbjóðanda lögmannsins og þess tíma, sem fór í flytning þess á báðum dómstigum.

## Stjórn Námssjóðs:

Á síðasta aðalfundi L.M.F.Í. var kosin stjórn Námssjóðs L.M.F.Í., en kjörtímabil hennar er þrjú ár. Sjóðsstjórnin hefur haldið einn fund og var Hákon Árnason, hrl., endurkjörin sem formaður hennar.

Aðrir aðalstjórnarmenn eru Jóhann H. Niésson, hrl. og Jónas A. Aðalsteinsson, hrl.

Helsta verkefni Námssjóðs á síðasta ári var útgáfa ritsins Aðfarargerðir eftir Markús Sigurbjörnsson, hæstaréttardómara. Á þessu ári verður væntanlega gefið út annað rit eftir sama höfund, Einkamálaréttarfar, en stefnt er að útgáfu þess rits í haust.

## Laganefnd:

Á fyrsta fundi laganefndar á starfsárinu var Andri Árnason, hrl., endurkjörin formaður nefndarinnar og Guðjón Ármann Jónsson, hdl., sem ritari. Haldnir hafa verið 5 fundir á starfsárinu.

Það sem af er starfsárinu hafa borist nokkrar umsagnarbeiðnir til félagsins vegna lagafrumvarpa og þingsályktunartillagna. Þá var nokkrum umsögnum ólokið í lok síðasta starfsárs. Hefur laganefnd L.M.F.Í. veitt umsagnir sínar um flest frumvarpanna en nokkrum er ólokið. Meðal þess, sem nefndin hefur tjáð sig um, eru frumvörp til laga um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna, um réttindi sjúklinga, um stéttarfélag og vinnudeilur, um breytingar á lögum um meðferð opinberra mála, almennum hegningarlögum og tekju- og eignarskattslögum, frv. til upplýsingalaga, frv. til laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, frv. til laga um samningsveð o.fl.

## Ályktun formanna evrópskra lögmannafélaga

Í frumvarpi til laga um lögmennti, sem nýlega var lagt fram, er m.a. gert ráð fyrir að eftirlits- og lagavald með lögmonnum sé fært frá stjórn L.M.F.Í. til sérstakrar nefndar á vegum dómsmálaráðuneytisins. Á ráðstefnu formanna evrópskra lögmannafélaga, sem haldin var í Vínarborg í febrúar, kynnti Þórunn Guðmundsdóttir, hrl., formaður L.M.F.Í., þessar hugmyndir, sem þykja af mörgum stríða gegn þeirri skoðun að varðveita beri sjálfstæði lögmannastéttarinnar, þ. á m. gagnvart framkvæmdavaldinu. Á ráðstefnunni var samþykkt ályktun um nauðsyn sjálfstæðrar og óháðrar lögmannastéttar í Evrópu. Ályktunin hljóðar svo:

*The presidents meeting in Vienna on the occasion of the Presidents' Conference state that*

*- the freedom of the lawyers' profession from any government interference is an essential prerequisite so that lawyers can act independently for the benefit of clients' interests; in addition, that*

*- this freedom has not yet been obtained in all countries of Europe, and*

*the presidents convened here in Vienna therefore appeal to all responsible persons and bodies to take all measures in order to ensure that the independent exercise of the lawyer's profession in Europe, as a guarantee for the freedom of citizens in Europe, is further extended and secured.*

Ályktun þessi hefur verið send dómsmálaráðuneytinu til kynningar.

## Breytingar á félagatali

Á félagatalinu hafa orðið eftirfarandi breytingar síðan það var prentað og sent félagsmönnum í mars:

### Ný málflytningsleyfi fyrir héraðsdómi:

Björn Þorri Viktorsson, hdl., starfar hjá Eignamiðluninni h.f. Davíð B. Gíslason, hdl., fulltrúi hjá Hróbjarti Jónatanssyni, hrl., Jónatani Sveinssyni, hrl. og Reyni Karlssyni, hrl.

Guðmundur Örn Guðmundsson, hdl., rekur eigin lögmannsstofu að Skipholti 50 D, sími 511-3420, bréfsími 511-3410.

Gunnar Jakobsson, hdl., fulltrúi hjá Ævari Guðmundssyni, hdl.

Jón G. Valgeirsson, hdl., fulltrúi hjá Ólafi Björnssyni, hdl., Sigurði Jónssyni, hdl. og Sigurði Sigurjónssyni, hdl.

Lúdvík Örn Steinarrson, hdl., fulltrúi hjá Ásgeiri Þór Árnasyni, hrl.

### Ný málflytningsleyfi fyrir Hæstarétti Íslands:

Helgi Birgisson.

### Eldri leyfi leyst út:

Gunnar Gunnarsson, hdl., starfar hjá Vegagerðinni, Borgartúni 5-7, sími 563-1400, bréfsími 562-2332.

### Innlagning málflytningsleyfis:

Björn Jósef Arnviðarson.

Hjördís Harðardóttir.

Jósef H. Þorgeirsson.

Sigrún H. Kristmannsdóttir.

### Látnir félagsmenn:

Egill Sigurgeirsson, hrl.

Högni Jónsson, hdl.

### Breytingar á heimilisföngum, símanúmerum o.fl.:

Ágúst Sindri Karlsson, hdl. - heimilisfang o.fl.: Skipholt 50 D, pósthólf 5123 (125 R.), sími 511-3400, bréfsími 511-3410.

Benedikt Guðbjartsson, hdl. - símanúmer: sími 560-6843, bréfsími 562-2402.

Björgvin Jónsson, hdl. - heimilisfang o.fl.: Skipholt 50 D, pósthólf 5123 (125 R.), sími 511-3400, bréfsími 511-3410.

Elvar Örn Unnsteinsson, hrl. - heimilisfang: Suðurlandsbraut 18.

Hjalti Steinþórsson, hrl. - heimilisfang: Suðurlandsbraut 18.

Hrund Hafsteinsdóttir, hdl. - netfang: hrund@skima.is.

Ingibjörg Bjarnardóttir, hdl. - heimilisfang o.fl.: Síðumúli 31, sími 553-5350, bréfsími 553-9810.

Jón Bjarnason, hrl. - bréfsími: 551-1340.

Jón Finnsson, hrl. - heimilisfang: Suðurlandsbraut 18.

Jón Magnússon, hrl. - netfang: j.magnus@itn.is.

Jón Sigurgeirsson, hdl. - netfang: skjala@itn.is.

Július Vífill Ingvarsson, hdl. - heimilisfang o.fl.: Ingvar Helgason, h.f., Sævarhöfða 2, sími 567-4000, bréfsími 587-9577.

Kristinn Hallgrímsson, hrl. - heimilisfang: Suðurlandsbraut 18.

Magnús Guðlaugsson, hrl. - heimilisfang: Suðurlandsbraut 18.

Símon Ólason, hdl. - heimilisfang o.fl.: Aðalstræti 9, sími 562-8562.

Sveinn Haukur Valdimarsson, hrl. - heimilisfang: Suðurlandsbraut 18.

Valborg Kjartansdóttir, hdl. - heimilisfang o.fl.: Suðurlandsbraut 18, sími 588-3360.

Örn Sigurðsson, hdl. - heimilisfang: Hringbraut 46, Hafnarfirði.

# Allir

kunna að meta

**mita**

**M**ita er með allra bestu ljósriturum sem völ er á og margverðlaunuð fyrir hönnun, tæknilega eiginleika og umhverfisvernd. Hver sem stærð fyrirtækja er, hefur Mita ávallt hentuga vél á verði sem er auðvelt að setta sig við.

● Og þú munt kunna að meta Mita.

**góðar ljósritunarvélar**



Ábyrgð  
gagnvart  
umhverfinu



Mita ljósritar eru opinberlega viðurkenndir sem umhverfisvænir og bera fræg alþjóðleg merki þessu til staðfestingar.

**Egill Guttormsson - Fjölval hf.**

Mörkin 1 • Pósthólf 8895 • 128 Reykjavík  
Símar: 581 2788 og 568 8650 • Fax: 553 5821

Helstu söluaðilar: Penninn Hallarmúla, Bókval Akureyri, Bókabúð Brynjars Sæuárkróki, Straumur Ísafirði, Tölvubjónustan Bolungarvík, Bókhlaðan Ísafirði, Rafeindabjónustubjarna Patreksfirði